

AÐALFUNDARGERÐ

Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 2020 var haldinn þriðjudaginn 15. september 2020 kl. 15:00 í Kötlusetri, Vík í Mýrdal.

Mætt eru: Lilja Einarsdóttir (með atkvæðisrétt) , Ásta Berghildur Ólafsdóttir (með atkvæðisrétt), Haraldur Eiríksson (með atkvæðisrétt), Þorbjörg Gísladóttir (með atkvæðisrétt), Þórunn Jóna Hauksdóttir, Svava Davíðsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir (með atkvæðisrétt) og Þorsteinn M. Kristinsson, sem ritaði fundargerð á tölvu.

Lilja Einarsdóttir, formaður stjórnar leitaði eftir athugasemdum við fundarboð, sem ekki komu fram, setti fund og stjórnaði honum. Lilja bauð fundarmenn velkomna.

1. Skýrsla stjórnar og ársreikningar félags- og skólaþjónustudeilda.

Berglind Hákonardóttir, frá PWC, las og skýrði ársreikning 2019, sem liggur frammi endurskoðaður og áritaður af stjórn og endurskoðendum.

Helstu niðurstöður:

Rekstrartekjur	kr. 190.652.532
Rekstrargjöld	kr. 190.845.382
Fjármunatekjur	kr. (5.668)
Rekstrarniðurstaða	kr. (198.518)

Eignir:

Rekstrarfjármunir	kr. 4.403.466
Veltufjármunir	kr. 38.677.895
Eignir samtals	kr. 43.081.361

Eigið fé og skuldir:

Óráðstafað eigið fé	kr. 7.914.238
Langtímaskuldir	kr. 0
Skammtímaskuldir	kr. 37.167.124
Eigið fé og skuldir	kr. 43.081.361

Reikningur borinn upp og samþykktur samhljóða.

SBJ
KE

Lilja Einarsdóttir flutti skýrslu stjórnar þar sem hún gerði grein fyrir því helsta í starfseminni á árinu. Þakkaði hún starfsmönnum og aðildarsveitarfélögum gott og faglegt samstarf. Skýrslan verður send aðildarsveitarfélögum sérstaklega.

Svava Davíðsdóttir, félagsmálastjóri, fór yfir skýrslu félagsþjónustu.

Þórunn Jóna Hauksdóttir, forstöðumaður skólaþjónustu, fór yfir skýrslu skólaþjónustu.

Skýrslur forstöðumanna verða sendar aðildarsveitarfélögum sérstaklega.

2. Undirritun samþykka.

Undirritun nýrra samþykka fyrir Byggðasamlag um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, með áorðnum breytingum.

Samþykktirnar í heild sinni samþykktar samhljóða.

3. Ákvörðun um gjaldskrá/kostnaðarskiptingu.

Engin tillaga liggur fyrir um breytingu á kostnaðarskiptingu.

4. Kosning í stjórn.

Samþykkt að aðalstjórn verði óbreytt frá fyrra ári. Breytingar gerðar á varamönnum.

Kjörnir stjórnarmenn eru eftirfarandi:

Aðalstjórn:

Lilja Einarsdóttir (Rangárþingi eystra)

Brynja J. Jónasdóttir (Ásahreppi)

Haraldur Eiríksson (Rangárþingi ytra)

Þorbjörg Gísladóttir (Mýrdalshreppi)

Þorsteinn M. Kristinsson (Skaftárhreppi)

Til vara:

Guri Hilstad Ólason (Rangárþingi eystra)

Ásta B. Ólafsdóttir (Ásahreppi)

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir (Rangárþingi ytra)

Ingi Már Björnsson (Mýrdalshreppi)

Fanney Ásgeirsdóttir (Skaftárhreppi).

5. Kosning löggilts endurskoðanda.

Óbreytt frá fyrra ári, PWC.

6. Ákvörðun um laun stjórnar.

Óbreytt frá fyrra ári.

Samþykkt samhljóða.

10
11
035

7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.



Þorsteinn M. Kristinsson, ritari aðalfundar.

Lilja Einarsson
Sandra Þráðhannsdóttir
Rita Þegga Ólafsdóttir
Frithög Ástvald
Hannu